



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Skrifstofa Alþingis – nefndarsvið
b.t. fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni; Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun 2025-2029.

Inngangur

Í þessari umsögn um fjármálaáætlun 2025-2029 er farið yfir helstu þætti í áætluninni sem hafa áhrif á stöðu mála á Vesturlandi, hjá sveitarfélögum og opinberum stofnunum. Stuðst er við ályktanir síðasta haustþings og aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Auk þess sem stuðst er við ýmsar áætlanir sem unnar hafa verið fyrir SSV.

Almennt um fjármálaáætlun

Það kemur skýrt fram í tillögu að fjármálaáætlun fyrir árinu 2025-2029 að stefnt er að því að ná niður verðbólgu, stuðla að lækkun vaxta og draga úr skuldsetningu ríkissjóðs. Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu, er þátttakandi í þeirri stefnumörkun sem sett er fram hvað það varðar að draga úr skuldsetningu sveitarfélaganna.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi hefur fullan skilning á mikilvægi þeirra markmiða sem unnið verður að, en lýsir yfir þungum áhyggjum af því takmarkaða fjármagni sem áætlað er í uppbyggingu innviða. Ástæða þess er fyrst og fremst tvíþætt; annars vegar vegna þeirrar miklu fjölgunar ferðamanna sem gert er ráð fyrir á næstu árum, en hún kallar á betri og öflugri innviði. Ætla má að ríflega helmingur þeirra ferðamanna sem kemur til landsins árlega heimsæki Vesturland. Hins vegar er ástæðan sú að það er ótækt að samdráttur bitni á þeim svæðum á landsbyggðinni þar sem opinberar fjárfestingar í innviðum hafa verið litlar þrátt fyrir knýjandi þörf.

Staða sveitarfélaga á Vesturlandi

Ársreikningar sveitarfélaga á Vesturlandi fyrir árið 2023 sýna að með hagræðingu og aðhaldi hefur flestum þeirra tekist að skila viðunandi niðurstöðu á árinu. Verðbólga og háir vextir hafa vissulega gert reksturinn þyngri, hækkað kostnað og vaxtagreiðslur taka til sín aukna fjármuni. Sveitarfélögin eru mörg hver komin í mikla viðhaldsskuld og mikilvægt að reksturinn geti borið það aukna viðhald sem blasir við og hefur gert allt frá efnahagshruninu 2008.

Svigrúm til að efla þjónustu við íbúa og ráðast í ný framkvæmdir er því afar takmarkað. Við mörgum sveitarfélögum liggur fyrir að ráðast þurfi í uppbyggingu innviða og fjárfestinga til þess

ma. að stuðla að nægu framboði lóða sem styðja við markmið um frekari húsnæðisuppbyggingu og þeirri uppbyggingu þjónustu og innviða sem fjölgun íbúa fylgir. Með hliðsjón af ofan sögðu er því afar brýnt að efla og útvíkka tekjustofna sveitarfélaga líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað bent á.

Íbúum á Vesturlandi hefur fjölgað nokkuð á undanförunum árum, fjölgunin hefur fyrst og fremst verið á sunnanverðu Vesturlandi, Akranesi, Hvalfirði og í Borgarbyggð. Íbúum á Vesturlandi fjölgaði um ríflega 4% á árinu 2023 og voru í árslok 17.419 samkvæmt nýrri talningu Hagstofu.

Samgöngur og fjarskipti. 11

Frá árinu 2004 hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi með reglubundnum hætti lagt kannanir fyrir íbúa um viðhorf þeirra til ýmissa búsetuþátta í landshlutanum. Þar má glöggst sjá að íbúarnir verða sífelld óánægðari með vegakerfið og í nýrri könnun sem verður birt á næstunni kemur fram að þessi þróun heldur áfram. Á sama tíma er ljóst að vegakerfið skiptir miklu máli varðandi byggðapróun á svæðinu og í könnun meðal fyrirtækja á Vesturlandi sem KPMG vann árið 2019 kemur fram að vegakerfið muni hafa mest áhrif á hvernig atvinnulíf á Vesturlandi þróist næstu 20 árin. Haustið 2021 samþykktu sveitarfélögin á Vesturlandi nýja samgöngu- og innviðaáætlun fyrir Vesturland. Sveitarfélögin hafa undanfarin ár talað einum rómi varðandi forgangsröðun verkefna og stefnt er að því að svo verði áfram. Í nýrri samgönguáætlun sem og ályktun frá Haustþingi SSV 2023 er annars vegar fjallað almennt um vegakerfið á Vesturlandi og einstaka framkvæmdir sem brýnt er að ráðast í á næstu árum.

Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að rétta hlut Vesturlands og jafna stöðu landshlutanna við úthlutun fjármagns til vegamála í nýrri Samgönguáætlun 2024-2028.

Lengd vegakerfisins á Íslandi var um 12.900 km árið 2020 og þar af um 1.845 km á Vesturlandi, sem er því um 14% alls vegakerfis landsins í lengdarmetrum talið.

Í nýrri Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2028 eru áætlaðar fjárveitingar sem nema 44,4 milljörðum til uppbyggingar og viðhalds stofnvega og einstaka tengivega á landsbyggðunum, þ.e. utan höfuðborgarsvæðisins og Reykjaness. Af þessum 44,4 milljörðum er reiknað með að 700 milljónir séu settar í framkvæmdir á Vesturlandi eða 1,6% af áætlaðri fjárveitingu til vegamála á árunum 2024-2028. Undanfarin 11 ár voru fjárveitingar til vegaf framkvæmda við stofnvegi á Vesturlandi aðeins 4,2 milljarðar. Þessar fjárveitingar dugðu engan vegin til brýnustu uppbyggingar vegakerfisins í landshlutanum á þessu tímabili.

Ástandi vega á Vesturlandi hefur því hrakað mjög mikið undanfarin ár, á sama tíma og umferð um landshlutann hefur aukist verulega. Umferð ferðafólks eykst stöðugt um landshlutann í takt við aukin fjölda gesta sem kemur til landsins og fiskflutningar eru einnig að aukast mikið, bæði með sjávarfang og lax úr sjóeldi sem keyrt er um Vesturland. Vegakerfið á Vesturlandi er því víða orðið svo lélegt að það er beinlínis hættulegt og annarsstaðar er það til mikils ama og óþæginda bæði fyrir íbúa og þá sem eiga leið um og nota vegakerfið. Mikil þörf er því á að auka fjárveitingar til vegamála á Vesturlandi, hvort sem er til viðhalds, endurbóta eða til uppbyggingar. Auk þess þarf að auka þjónustu á vegum, ekki síst yfir vetrartímann til að efla öryggi vegakerfisins á Vesturlandi.

Haustþing SSV skoraði á innviðaráðherra og Alþingi að veita fjármagni til að halda áfram með eða hefja eftirtaldar framkvæmdir.

- Skógarstrandarvegur; Snæfellsnesvegur númer 54 um Skógarströnd er stofnvegur og því hluti af grunnneti vegakerfisins skv. Samgönguáætlun. Þetta er eini stofnvegurinn á Vesturlandi og líka lengsti stofnvegur á láglendi á Íslandi sem er án bundins slitlags. Vegurinn ætti því að vera í forgangi við ráðstöfun fjármuna í samgönguáætlun.
- Uxahryggjarvegur Um árabíl hefur verið unnið að endurbótum og lagningu bundins slitlags á veginum um Uxahryggi sem tengir saman Vesturland og Suðurland. Enn er eftir að leggja slitlag á um 22 km kafla efst í Lundarreykjardal til að ljúka þessu verkefni, en nú er búið að fresta þeirri framkvæmd til ársins 2034 samkvæmt samgönguáætlun. Það er ekki boðlegt.
- Haustþing SSV telur brýnt að auknu fjármagni verði veitt til tengivega og farið verði í sérstakt átak í að leggja bundið slitlag á þessa vegi sem tengja saman dreifbýli og þéttbýli. Tengivegir skipta orðið sífellt meira máli fyrir íbúa í dreifbýli og ört vaxandi ferðapjónustu. Á Vesturlandi er um 70% tengivega án slitlags.
- Haustþing SSV skorar á innviðaráðherra og Alþingi að veita auknu fjármagni til reglulegs viðhalds vegakerfisins, og til að bæta þjónustu og öryggi á vegum á Vesturlandi
- Haustþing SSV leggur mikla áherslu á að framkvæmdir við Sundabraut hefjist eigi síðar en árið 2026 og ljúki 2031. Mikil arðsemi er af lagningu Sundabrautar, sem felst í minni akstri, útblæstri og mengun, og styttri ferðatíma vegna styttingu leiða til og frá höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að nýta heimild í lögum um að Sundabraut verði samvinnuverkefni, og hún verði byggð upp í samræmi við áætlanir og undirritaða yfirlýsingu ríkis og borgar þar sem kemur fram að stefnt sé að því að framkvæmdir við Sundabraut geti hafist eigi síðar en 2026 og að brautin verði tekin í notkun árið 2031.
- Haustþing SSV -fagnar því að vinna við tvöföldun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi hefur gengið vel, þar sem sú vegaframkvæmd nýtist Vestlendingum sem og öðrum landsmönnum vel. En jafnframt lýsir þingið yfir vonbrigðum með að frekari framkvæmdir og seinni hluti breikkunar vegarins á Kjalarnesi hafi dregist og verið frestað. Haustþingið skorar því á ráðamenn að ljúka þessari framkvæmd svo fljótt sem auðið er.
- Haustþing SSV skorar á Vegagerðina að leggja fram sem fyrst tillögur að legu nýrra Hvalfjarðarganga og áætlun um undirbúning verkefnisins
- Haustþing SSV skorar á Vegagerðina að ljúka veggöngun og allri undirbúningsvinnu við tvöföldun vegar frá Hvalfjarðargöngum í Borgarnes

Haustþing SSV skoraði á innviðaráðherra og alþingi að ráðast í viðhald á Snæfellsnesvegi 54 og Vestfjarðavegi 60 í Mið-Dölum og Saurbæ.

Staðan hefur þróast þannig í vetur að á þessum vegum ríkir ófremdarástand í dag. Á aðalfundi SSV sem fór fram í mars sl. var þetta áréttað en frekar. Í ályktun segir; Staðan á viðhaldi vega á Vesturlandi er með öllu óboðleg og þá sérstaklega Snæfellsnesvegi 54 og Vestfjarðavegi 60 um Dalabyggð. Ástand á ofangreindum vegum er afar bágborið, slitlag hefur farið mjög illa á löngum köflum og burðarlag gefið sig. Við þetta hafa skapast mjög hættulegar aðstæður víða á þessum vegum. Vegagerðin virðist ráðþrota vegna fjármagnsleysis

og má benda á að hún hefur haft til skoðunar að lækka hármærshraða á um 20 km kafla á Snæfellsnesvegi og á Vestfjarðarvegi í Dalabyggð hefur hún brugðið á það ráð að fræsa slitlagið af veginum vegna þess að ekki er hægt að halda því við. Hlutar vegarins verða því malarkaflar fram á sumar segir í tilkynningu sem Vegagerðin sendi frá sér 9 mars sl. Við þetta ástand er ekki hægt að una og það verður að grípa til aðgerða strax.

Stjórn SSV telur mikilvægt að stærri viðhaldsverkefni verði skilgreind sem endurfjármögnun á ákveðnum vegum eða vegköflum og fái fjárveitingar líkt og um nýframkvæmda væri að ræða. Á sínum tíma var virði samgöngukerfisins í landinu metið og eignfært. Afskrift þessa eignasafns ætti að gefa til kynna afskriftarstofn og þar með fjármagn sem ætla má til viðhalds og til að halda eigninni við. Í þessu eignasafni eru stofn og tengivegir sem ættu að vera að fullu afskrifaðir og taka ætti af eignaskrá. Fjármagn til endurbóta/viðhalds þessara vega væri því ekki hluti af fjármagni í viðhaldssjóði, heldur væri um að ræða hreinar nýframkvæmdir og fjármagnaðar sem slíkar. Þá myndi skapast rými til að sinna viðhaldi á vegum samkvæmt viðhaldsáætlun hverju sinni og eins að þurfa ekki, eins og dæmi sanna, að taka stóran hlut viðhaldssjóðs til að bregðast við áföllum og fresta þannig viðhaldi á öðrum vegköflum.

Fjarskipti

Á haustþingi SSV 2023 var ályktað um stöðu farneta og fastneta og höfðu þingfulltrúar til hliðsjónar drög að skýrslu sem verið var að vinna fyrir SSV um fjarskiptamál í landshlutanum.

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að skapa þau skilyrði, að ljósleiðaravæðing á minni þéttbýlisstöðum gangi hraðar fyrir sig

Haustþing SSV lýsir yfir ánægju sinni með þau áform stjórnvalda sem koma fram í Fjármálaáætlun 2024-2028; að allir þéttbýlisstaðir og byggðakjarnar eigi að hafa aðgang að fjarskiptatengingu um ljósleiðara. Haustþingið skorar á stjórnvöld að grípa til allra verkfæra sem þau hafa til að tryggja uppbyggingu fjarskiptanets á minni þéttbýlisstöðum. Mikilvægt er að þessi uppbygging gangi eins hratt fyrir sig og með eins hagkvæmum hætti og kostur er, hvort heldur sem er á markaðsforsendum eða með beinni aðkomu stjórnvalda. Haustþingið telur mikilvægt að fámennustu þéttbýlisstaðirnir sitji ekki eftir eða verði síðastir í þessari uppbyggingu og að sambærilegur árangur náist í ljósleiðaravæðingu á minni þéttbýlisstöðum og var við ljósleiðaravæðingu í dreifbýli sem hefur heppnast mjög vel.

Haustþing SSV leggur áherslu á að ráðin verði bót á „glöppum“ í dreifikerfi farsíma

Með hliðsjón af ofan sögðu lýsir stjórn SSV yfir ánægju sinni með kröfur Fjarskiptastofu sem nýlega komu fram um að fjöldi km á stofnvegum þar sem ekki næst áreiðanlegt talsamband eiga að vera komin niður í 0 árið 2026. Stjórn vill jafnframt leggja áherslu á að það er mjög mikilvægt öryggisatriði að tryggja gott samband á tengivegum og bendir á fjölfarna tengivegi eins og Laxárdalsheiði, sem í vaxandi mæli er nýtt sem varaleið fyrir Holtavörðuheiði.

Heilbrigði- velferð og menntun

Heilbrigðisþjónusta 23-24

Samkvæmt fjármálaáætlun er heilbrigðisþjónusta í forgangi stjórnvalda um ráðstöfun fjármagns ríkissjóðs og stjórn SSV treystir því að almenn framlög til heilbrigðisstofnana á Vesturlandi séu aukin í takti við þær áherslur. Við viljum benda á þau tækifæri sem felast í því að byggja upp sérhæfða þjónustu á sjúkrahúsum utan höfuðborgarinnar, en góð reynsla af bakdeild á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi og nýlegri deild fyrir liðskiptaaðgerðir á Akranesi sýna þetta. Brýnt er að efla frekar þjónustu heilsugæslustöðva, en þær gegna mjög mikilvægu hlutverki í öllum byggðarlögum. Þær þurfa að vera vel í stakk búnar til að mæta þörfum íbúa svæðisins á hverjum tíma, auk þess að sinna stórauðnum fjölda ferðafólks og sumarhúsafólks sem sækir Vesturland heim og þarf á heilbrigðis- og slysaþjónustu að halda. Mikilvægt er að skapa heilsugæslustöðvunum þá umgjörð að hægt sé að tryggja mönnun, stöðugleika og samfellu í viðveru lækna og annars menntaðs heilbrigðisstarfsfólks alla daga á heilsugæslustöðvum umdæmisins. Loks er afar brýnt að húsnæði Heilbrigðisstofnunar Vesturlands fái það viðhald og endurnýjun sem nauðsynlegt er og sama eigi við um allan tækjabúnað sem stofnunin nýtir.

Hjúkrunar- og dvalarheimili 25

Á Vesturlandi eru rekin sjö hjúkrunar- og dvalarheimili; í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Borgarnesi og á Akranesi. Síðan er heimili á Fellsenda í Dalabyggð sem er sérstakt heimili fyrir fólk sem glímir við heilabilun. Þær breytingar sem gerðar voru á framlögum til hjúkrunarheimila árið 2021 og áfram í fjárlögum 2022 voru mjög jákvæð skref í þá átt að framlög ríkisins standi undir rekstri hjúkrunarheimila. Mikilvægt er að halda áfram á þessari braut og tryggja nauðsynleg framlög til reksturs hjúkrunar- og dvalarheimila. Einnig er mikilvægt að tryggt sé að ríkið greiði sanngjarna húsaleigu þar sem starfsemin er í húsnæði sem sveitarfélög og sjálfseignarstofnanir eiga.

Málefni fatlaðra og fólks með skerta starfsgetu 27

Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa þungar áhyggjur af því að þrátt fyrir þær breytingar sem gerðar hafa verið á útsvari sveitarfélaga vegna fjármögnunar á þjónustu við fatlað fólk þá standa þær ekki undir kostnaði við rekstur málaflokksins. Þá varð mikil umræða á Haustþingi SSV 2023 um stöðu barna með fjölbættan vanda. Samþykkt var áskorun á ríkið um að tryggja börnum með fjölbættan vanda viðunandi heilbrigðisþjónustu fjármagnaða af ríkinu.

Fyrirtæki og stofnanir í atvinnurekstri hafa notið góðs af starfskröftum fólks með skerta starfsgetu. Haustþing SSV telur brýnt að stefnt verði sérstaklega að fjölgun atvinnutækifæra fyrir fatlað fólk og fólk með skerta starfsgetu. Ávinningurinn fyrir þennan samfélagshóp er mikill og eykur á lífsgæði fólks með skerta starfsgetu og fatlanir, sem fær tækifæri til að taka þátt í samfélaginu.

Menntamál 20-21

Á Vesturlandi eru þrjár framhaldsskólar sem allir gegna mikilvægu hlutverki, varðandi þjónustu við íbúa og byggðafestu á svæðinu. Skólarnir í Grundarfirði og í Borgarnesi eru bóknámsskólar, en á Akranesi er bók- og verknámsskóli. Mikilvægt er að þeir hafi svigrúm og fjármagn til að halda úti öflugum starfi.

Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri og Háskólinn á Bifröst hafa mikil áhrif á mannlíf og þróun samfélaga á Vesturlandi. Þetta eru fjölmennir vinnustaðir sem laða að ungt fólk, auk þess sem skólarnir koma að ýmsum verkefnum sem tengjast uppbyggingu á Vesturlandi. Því er ekki síður mikilvægt að þessar stofnanir fái tækifæri til að dafna. Fjárhagsstaða skólanna hefur batnað að undanförunu og mikilvægt er að þeir geti áfram haldið út öflugum starfi.

Löggæsla og embætti sýslumanns 09

Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa áhyggjur af stöðu lögreglu og embættis sýslumanns á svæðinu og samþykktu Haustþing SSV 2023 þrjár ályktanir vegna þessa.

- Haustþing SSV skorar á ríkið að standa vörð um þjónustu sýslumanns á Vesturlandi og leggur áherslu á að styrkja þurfi kjarnaverkefni sýslumannsembættisins í landshlutanum. Mikilvægt er að vinna áfram að innleiðingu stafrænnar málsmeðferðar með það að markmiði að jafna aðstöðumun þjónustuþega og auka við góða og vandaða þjónustu sérhæfðs starfsfólks, jafnframt er mikilvægt að kynna fyrir þjónustunotendum þá áfanga sem þegar hafa náðst í innleiðingu stafrænna lausna.
- Haustþing SSV skorar á Alþingi að auka fjárveitingar til löggæslu á Vesturlandi til að hægt sé að halda úti viðunandi fjölda lögreglumanna á vakt á hverjum tíma á hverju svæði til að tryggja öryggi lögreglunnar, íbúa og gesta landshlutans. Enn fremur að tryggja að sérverkefni, eins og úrvinnsla gagna úr löggæslumyndavélum, sem unnin eru af lögreglunni á Vesturlandi, séu fullfjármögðuð.
- Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að bæta úr húsnæðis- og aðstöðuleysi lögreglunnar víða á Vesturlandi og að viðunandi lausn sé fundin á því máli hið fyrsta.

Nýsköpun 07

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fanga því að í fjármálaáætlun má lesa að verja eigi auknu fjármagni til nýsköpunar. Vestlendingar hafa á undanförunum tveimur árum byggt upp öfluga umgjörð varðandi stuðning til nýsköpunar. Nýsköpunarsetur og samvinnurými hafa orðið til í flestum þéttbýlisstöðum og árið 2022 tók til starfa nýtt nýsköpunar- og þróunarsetur Gleipnir þar sem háskólarnir á Vesturlandi, Bifröst og LBHÍ, eru í fararbroddi. Þá hafa heimamenn nýverið stofnað Nýsköpunarnet Vesturlands NýVest, sem tengir saman aðila sem vinna að nýsköpun og miðlar upplýsingum og fræðslu. Mikilvægt er að stjórnvöld styðji sérstaklega við nýsköpun á landsbyggðinni, ma. með því að efla Lóuna nýsköpunarsjóð fyrir landsbyggðina.

Orkumál 15

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka undir þær áherslur ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi og full orkuskipti fyrir árið 2040 og að dregið verði úr notkun jarðefnaeldsneytis með orkuskiptum. Því er mikilvægt að styðja við rannsóknir og uppbyggingu vetnis- og rafeldsneytis framleiðslu sem einn af næstu áföngum í innlendum orkuskiptum og í þessu samhengi má benda á mikilvægi verkefna sem verið er að vinna á Grundartanga um nýtingu glatvarma og framleiðslu rafeldsneytis.

Á Vesturlandi er mjög brýn þörf á því að auka afhendingaröryggi rafmagns, en víða eru löngu úreltar loftlínur sem leggja þarf í jörð og hraða þarf þrífösun á rafmagni eins og kostur er. Þá skiptir það íbúa á Vesturlandi miklu máli að jafna frekar dreifkostnað á rafmagni og auka niðurgreiðslur rafmagns á köldum svæðum.

Byggðamál 08

Sóknaráætlun Vesturlands hefur haft mjög jákvæð áhrif á Vesturlandi, en Uppbyggingarsjóður Vesturlands hefur úthlutað ríflega 600 m.kr. á s.l. níu árum til ýmissa verkefna og þá hefur verið ráðist í verkefni sem skilgreind eru í Sóknaráætlun Vesturlands fyrir um 300 milljónir. Sóknaráætlanir eru því orðnar mikilvægur þáttur byggðastefnu og öflugt stjórnþæki til þess að stuðla að jákvæðri byggðaðróun. Stjórn SSV leggur þunga áherslu á að stjórnvöld haldi áfram að efla sóknaráætlanir sem verkfæri til að styrkja byggð um land allt.

Ferðapjónusta 14

Áfangastaðastofur eru lykilþáttur í því markmið stjórnvalda að efla ferðapjónustu um land allt og dreifa álagi ferðmanna og opna ný svæði. Heilt yfir er hér um tvíþætt starf, annarsvegar að vinna með ferðapjónustuaðilum að viðhalda gæðum framboði þjónustu, þróa nýja afþreyingu og hins vegar að markaðssetja landshlutana á erlendum og innlendum markaði. Því skýtur skökku við hve stjórnvöld draga úr stuðningi við starf Áfangastaðastofa. Framlag ríkisins til starfsemi Áfangastaðastofa er með framlagi frá Ferðamálastofu. Horft til framlaga til forvera áfangastofa þ.e. markaðsstofa landshluta, þá hafa þau framlög staðið um langan tíma. Árinu 2024 var engin breyting við framlengingu samnings við Ferðamálastofu til eins árs, en það nemur 22 mkr og það eru óbreytt ákvæði um sömu skiptingu um aðkomu að sameiginlegum verkefnum (11 mkr) og vinnuframlagi (11 mkr). Afar brýnt er að þetta framlag hækki til þess að Áfangastaðastofur geti staðið undir því hlutverk sem þeim er ætlað samkvæmt nýrri ferðamálastefnu.

Vísað er að öðru leyti til sameiginlegrar umsagnar landshlutasamtaka sveitarfélaga um þörf á auknum framlögum til atvinnuráðgjafar, sóknaráætlana og áfangastofa sem lögð var fram í tengslum við gerð síðustu fjárlaga.

Opinber störf á Vesturlandi

Opinber störf skipta miklu máli um þróun atvinnulífs í landshlutunum. Þessum störfum hefur fjölgað á landsvísi, en afar misjafnt er hvernig þau dreifast á milli landshluta. Í samantekt Byggðastofnunar fyrir árið 2022 kemur fram að stöðugildi ríkisstarfa á Vesturlandi í hlutfalli af íbúafjölda eru aðeins 5.2% og er hlutfall opinberra starfa hvergi lægra en á Vesturlandi.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar kemur fram að sett verði markmið um hlutfall opinberra starfa á landsbyggðinni. Heilshugar er tekið undir þetta og við bendum á að mikilvægt er að jafna dreifingu opinberra starfa því þau hafa mikið vægi varðandi byggðapróun. Með því að fjölga þeim á Vesturlandi mætti efla landshlutann, styrkja vinnumarkaðinn, hagræða í opinberum rekstri, skapa meira jafnvægi á milli landshluta og vega upp þann ójöfnuð sem hefur orðið við fækkun opinberra starfa á Vesturlandi undanfarin ár.

Í stjórnarsáttmálanum er einnig talað um óstaðbundin störf. Til að styðja við byggðapróun og valfrelsi í búsetu verði störf hjá ríkinu ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega. Afar brýnt er að þetta gangi eftir og óstaðbundnum störfum fjölgi í takt við markmið stjórnvalda í byggðamálum. Með aukinni tækni er landið eitt atvinnusvæði og á landsbyggðinni er mikill mannauður. Auk þess sem þetta felur í sér hagræðingu fyrir ríkið þar eða með þessu ætti að draga úr húsnæðiskostnaði. Víða á Vesturlandi hafi orðið til nýsköpunarsetur og samvinnurými þar sem hægt er að leigja aðstöðu fyrir einstaklinga sem vinna óstaðbundin störf en vilja vera í samneyti við annað fólk.

Stjórn SSV telur mikilvægt að opinberum störfum verði fjölgað á Vesturlandi á næstu árum og stjórnvöld fari í markvissar aðgerðir til þess að dreifa slíkum störfum á landsbyggðina. Við viljum benda á að nágrannaþjóðir okkar hafa farið í umfangsmiklar aðgerðir á undanförunum árum, en það á við um Norðmenn, Svía og Dani. Danir eru með átak í gangi sem hófst 2015 um að flytja 8000 opinber störf frá Kaupmannahöfn til landsbyggðarinnar, en það jafngildir því að 400 störf væru flutt frá Reykjavík út á land.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi



Páll S. Brynjarsson
framkvæmdastjóri